

Fundargerð

Skólanefnd.

11. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 21. janúar 2008 kl. 16:30

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setur fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Sólveig greindi frá niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Einkunnir nemenda Reykjahlíðarskóla voru vel yfir landsmeðaltali og landshlutameðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Er þetta glæsilegur árangur og óskum við nemendum og starfsfólki skólans til hamingju með árangurinn.
3. Borist hefur bréf frá menntamálaráðherra um nýja menntastefnu. Fram kemur að fjögur ný frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna, hafa verið lögð fram á Alþingi. Texti allra frumvarpanna er birtur í heild ásamt greinargerð á www.nymenntstefna.is
4. Önnur mál

Málmblasturskvintett Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands var með tónleika í skólanum í byrjun janúar og hlustuðu nemendur hugfangnir á sem og leikskólabörnin sem boðið var í heimsókn.

Voru þessir tónleikar afar líflegir og skemmtilegir.

Fundi slitið kl. 17:30

Hrafnhildur Geirsdóttir
Ásdís Jóhannesdóttir
Steinunn Ósk Stefánsdóttir
Þórhalla Valgeirsdóttir.